



Reykjavík 11.01.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. janúar 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Húsverndarsjóður Reykjavíkur 2018

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að auglýsingu um umsóknir um styrki úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur 2018. Einnig er lögð fram tillaga formanns umhverfis- og skipulagsráðs um tilnefningu fulltrúa ráðsins í starfshóp um styrki úr Húsverndarsjóði Reykjavíkur 2018.

*Samþykkt að Torfi Hjartarson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir verði fulltrúar umhverfis- og skipulagsráðs í starfshópnum.
Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjal: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að auglýsingu um umsóknir og tilnefning fulltrúa ráðsins

STYRKIR ÚR HÚSVERNDARSJÓÐI REYKJAVIKURBORGAR

Húsverndarsjóður Reykjavíkur auglýsir eftir umsóknum um styrki til viðgerðar og endurgerðar á byggingum í Reykjavík sem hafa sérstakt varðveislugildi af listrænum eða menningarsögulegum ástæðum.

Eftirtaldar upplýsingar skulu koma fram í umsókn:

1. Lýsing á fyrirhuguðum framkvæmdum.
2. Tímaáætlun.
3. Kostnaðaráætlun.
4. Ljósmynd af húsinu eins og það er nú og eldri ljósmynd ef hún er til.

Frekari upplýsingar eru veittar í Húsverndarstofu í Árbæjarsafni sem opin er á miðvikudögum frá kl. 15-17 og í síma 411 6333 á sama tíma.

Umsóknir eru eingöngu móttæknar á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á rafrænni Reykjavík; <http://rafraen.reykjavik.is>.

Opnað verður fyrir aðgengi að umsóknum þann 20. janúar 2017, kl. 13:00, og lokað verður 20. febrúar 2017, kl. 23:59.

Vakin er athygli á því að styrkir sem úthlutað verður 2018 og verða ekki nýttir á árinu falla niður.